

Bæjarstjórn - 37

FUNDARBOÐ

37. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 15. maí 2025 og hefst kl.
17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2505003F - Bæjarráð - 33**
Lögð fram fundargerð 33. fundar bæjarráðs.
- 2. 2505002F - Hafnarstjórn (SH) - 8**
Lögð fram fundargerð 8. fundar hafnarstjórnar.
- 3. 2504005F - Skóla- og fræðslunefnd - 20**
Lögð fram fundargerð 20. fundar skóla- og fræðslunefndar.
- 4. 2504007F - Ungmennaráð - 8**
Lögð fram fundargerð 8. fundar ungmennaráðs.
- 5. 2505001F - Bæjarstjórn unga fólksins - 2**
Lögð fram fundargerð 2. fundar bæjarstjórnar unga fólksins.

Erindi til kynningar

- 6. 2504013 - Bréf til bæjarstjórnar frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga**
Lagt fram bréf eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga til bæjarstjórnar vegna yfirferðar fjárhagsáætlunar 2025.
- 7. 2505011 - Fundargerð stjórnarfundar Jeratúns ehf. og ársreikningur 2024**
Lögð fram fundargerð stjórnarfundar Jeratúns ehf. frá 25. apríl 2025 ásamt ársreikningi fyrir árið 2024.
- 8. 2504026 - Umsókn um stöðuleyfi - Skrifstofa Ferjuleiða**
Lögð fram umsókn Ferjuleiða ehf. um 20 ft. skrifstofugám við ekjubrú á hafnarsvæði.

Bæjarráð fól, á 32. fundi sínum, hafnarstjórn fullnaðarumboð til ákvörðunar á staðsetningu. Bæjarráð fól jafnframt byggingarfulltrúa afgreiðslu málsins í kjölfarið. Þá hvatti bæjarráð Ferjuleiðir ehf. að finna framtíðarlausn sem fellur betur að umhverfinu.

Hafnarstjórn tók, á 5. fundi, undir með bæjarráði varðandi mikilvægi þess að finna viðunandi framtíðarlausn.

Hafnarstjórn hafði efasemdir um að sú staðsetning sem lögð er til í erindinu sé heppileg út frá umferðaröryggi og öðrum þáttum miðað við umfang starfsemi hafnarinnar á þessu svæði á sumrin. Hafnarstjórn gat því ekki samþykkt þá staðsetningu.

Hafnarstjórn taldi fara best á því að staðsetja skrifstofugám á bílastæðum norðanmegin við Smiðjustíg 3, gegn því að fundið verði sanngjarnt verð fyrir leigu á aðstöðu til viðbótar stöðuleyfisgjald þar sem það liggur fyrir að sveitarfélagið verður af tekjum af þeim bílastæðum sem fara undir skrifstofuhúsnæðið. Einnig þarf fyrirtækið að standa undir þeim kostnaði sem þarf til að nýta megi svæðið. Að öðrum kosti taldi hafnarstjórn að nýta þurfi núverandi skilgreint þjónustusvæði undir skrifstofugám. Á þessum forsendum samþykkti hafnarstjórn staðsetningu fyrir stöðuleyfi á hafnarsvæðinu út september 2025.

Hafnarstjórn fól formanni að taka samtal við ferjuleiðir og byggingarfulltrúa varðandi niðurstöðu hafnarstjórnar og eftir atvikum heimild til færslu á skrifstofugám innan svæðanna ef framangreindar staðsetningar eru með öllu óásættanleg með tilliti til ytri þátta.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

9. 2501011 - Úttekt á kennslumagni Grunnskólans í Stykkishólmi

Á 19. fundi skóla- og fræðslunefndar var lögð fram skýrsla Ásgarðs skólaráðgjafarþjónustu vegna úttektar á úthlutun á kennslumagni og sérkennslu/stuðningi við Grunnskólanum í Stykkishólmi í samræmi við tillögur og hugmyndir í stefnumörkun og áherslum sveitarfélagsins í fjárhagsáætlun 2025. Samþykktar voru tvær aðgerðir á fundinum sem bæjarstjórn staðfesti á 34. fundi sínum.

Á 20. fundi nefndarinnar voru lagðar fram tillögur að kennslukvóta og úrbótum fyrir skólaárið 2025-2026.

Skóla- og fræðslunefnd samþykkti, fyrir sitt leyti, tillögur að kennslukvóta og úrbætur fyrir skólaárið 2025-2026.

Bæjarráð samþykkti, á 33. fundi sínum, fyrirbyggjandi tillögur að kennslukvóta og úrbætur fyrir skólaárið 2025-2026 og vísaði málinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

10. 2311014 - Húsnæðisáætlun sveitarfélagsins

Lögð fram húsnæðisáætlun sveitarfélagsins í tengslum við vinnu við gerð áætlunar fyrir árið 2025.

Bæjarráð samþykkti fyrirbyggjandi húsnæðisáætlun á 33. fundi sínum.

11. 2302026 - Framkvæmdaleyfi vegna ljósleiðaralagna

Lögð fram ósk Mílu eftir framkvæmdaleyfi vegna lagningar ljósleiðara í Stykkishólmi.

Áætlaður verktími eru 15-20 vinnudagar og gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir um mánaðarmót júlí/ágúst 2025.

Bæjarráð samþykkti, á 33. fundi sínum, fyrirbyggjandi framkvæmdir.

12. 2412005 - Sameiginlegar reglur um stuðningsþjónustu á Snæfellsnesi

Á 36. fundi bæjarstjórnar var lögð fram til fyrri umræðu tillaga Félags- og skólaþjónusu Snæfellinga að sameiginlegum reglum sveitarfélaga á Snæfellsnesi um stuðningsþjónustu.

Bæjarstjórn vísarði reglunum til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Á 33. fundi sínum vísaði bæjarráð reglunum til síðari umræðu í bæjarstjórn.

13. 2405008 - Skólamál

Fulltrúar bæjarstjórnar unga fólksins tóku, á 2. fundi sínum, mötuneytismál í Fjölbrautaskóla Snæfellinga til umræðu.

Bæjarstjórn unga fólksins taldi matarverð í mötuneyti Fjölbrautaskóla Snæfellinga of hátt og að maturinn skorti fjölbreytileika. Bæjarstjórn unga fólksins hvatti bæjarstjórn til þess að beita sér fyrir lækkun á verði máltíða til nemenda í Fjölbrautaskóla Snæfellinga og auknum fjölbreytileika í matarvali.

Bæjarráð vísaði, á 33. fundi sínum, tillögum og áherslum bæjarstjórnar unga fólksins í tengslum við mötuneyti Fjölbrautaskóla Snæfellinga til vinnslu til skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

14. 2505001 - Samgöngumál

Fulltrúar bæjarstjórnar unga fólksins tóku, á 2. fundi sínum, samgöngumál til umræðu.

Bæjarstjórn unga fólksins hvatti bæjarstjórn Stykkishólms til að beita sér fyrir því að ferðum í skólaakstri Fjölbrautarskóla Snæfellinga verði fjölgað, m.a. til að auka valmöguleika nemenda til þess að komast heim, og að verð rútumiða verði lækkað.

Bæjarráð vísaði, á 33. fundi sínum, tillögum um lækkun á gjaldi fyrir rútumiða og aukna þjónustu skólaaksturs Fjölbrautaskóla Snæfellinga til skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

15. 2505002 - Knattspyrnuvellir

Fulltrúar bæjarstjórnar unga fólksins tóku, á 2. fundi sínum, ástand og stöðu knattspyrnuvalla til umræðu.

Bæjarstjórn unga fólksins lagði til að nýtt gervigras verði sett á sparkvöllinn og að hafinn verði undirbúningur að lagningu tartans á hlaupabraut á íþróttavelli, en tartan mun koma til með að auka nýtingu allra bæjarbúa til heilsuefningar.

Bæjarráð tók, 33. fundi sínum, undir með bæjarstjórn unga fólksins að mikilvægt sé að nýtt gervigras verði sett á sparkvöllinn enda er verkefnið í undirbúningi hjá sveitarfélaginu og stefnt að því að það verði sett á völlinn. Bæjarráð tók undir með bæjarstjórn unga fólksins að lagning tartans á hlaupabraut á íþróttavelli komi til með að auka nýtingu allra bæjarbúa til heilsuefningar og óskaði eftir kostnaðarmati á þeirri framkvæmd. Að öðru leyti var málinu vísað til umfjöllunar í æskulýðs- og íþóttanefnd.

16. 2505003 - Gangstéttir

Fulltrúar bæjarstjórnar unga fólksins tóku, á 2. fundi sínum, gangstéttamál í sveitarfélaginu til umræðu.

Bæjarstjórn unga fólksins vakti athygli á að gangstéttar í sveitarfélaginu geta skapað víða hættu og torveldað eldra fólki og fötluðum einstaklingum að nýta gangstéttar í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn unga fólksins taldi brýnt, sérstaklega í því ljósi, að flýta endurnýjun gangstétta í sveitarfélaginu.

Bæjarráð tók, á 33. fundi sínum, undir með bæjarstjórn unga fólksins að víða sé þörf á endurnýjun gangstétta, en árið 2019 var unnin sérstök forgangsöröðun endurnýjunar gangstétta í sveitarfélaginu sem unnið hefur verið eftir. Bæjarráð óskaði eftir kostnaðarmati á nauðsynlegri uppbyggingu gangstétta í sveitarfélaginu.

17. 2505004 - Ástand gatnakerfis

Fulltrúar bæjarstjórnar unga fólksins tóku, á 2. fundi sínum, ástand gatnakerfis í sveitarfélaginu til umræðu.

Bæjarstjórn unga fólksins hvatti bæjarstjórn til þess að herða á uppbyggingu á þeim götum sveitarfélagsins sem eru holóttar og að þrýst verði á Vegagerðina að malbika Aðalgötu frá Bónus og út úr bænum sem fyrst.

Bæjarráð tók, á 33. fundi sínum, undir með bæjarstjórn unga fólksins um mikilvægi þess að herða þurfi á því að fara í gatnaframkvæmdir á þeim götum sem þarfnast endurnýjunar. Þá tók bæjarráð undir mikilvægi þess að Aðalgata verði malbikuð sem fyrst og fól bæjarstjóra að fylgja málinu eftir gagnvart Vegagerðinni.

18. 2504019 - Ársreikningur 2024

Lagður fram ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2024.

Bæjarstjórn samþykkti á 36. fundi sínum að vísa ársreikningi sveitarfélagsins til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Á 33. fundi sínum vísaði bæjarráð ársreikningi sveitarfélagsins 2024 til síðari umræðu í bæjarstjórn.

19. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

13.05.2025
Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.